

## Fundur í umhverfisnefnd Þelamerkurskóla þriðjudaginn 18. október 2011

Mættir voru fulltrúar nefndarinnar sem eru:

Unnar Eiríksson ritari, Sigríður Guðmundsdóttir formaður, Sesselja Ingólfssdóttir fulltrúi starfsfólks, Sigríður Hrefna Józefsdóttir fulltrúi starfsfólks (komst ekki) og fulltrúar nemenda sem eru Egill Már, Bergvin (komst ekki), Anton Smári og Unnar (kom seinna). Ekki er búið að kjósa fulltrúa 1. – 2. bekkjar.

Formaður setti fund og bauð nefndarmenn velkomna á fyrsta fund vetrarins.

### 1. mál

Þemað í vetur verður orka- vatn og áttahagar.

#### Markmið vetrarins.

1. Gróðursetja berjarunna á skólasvæðinu
2. Áttahagaverkefni Hörgársveitar. Búa til veggmynd af Hörgársveit og merkja örnefni og gönguleiðir inn á myndina.
3. Skrá niður umhverfisstefnu skólans.
4. Umhverfisnefnd setur upp hugmyndir að umræðuefnum fyrir stjórnendur bekkjarfunda um orku og vatn. Tvisvar á haustönn og þrisvar á vorönn.
5. Rafmagnsnotkun – fylgjast með rafmagnsnotkun í skólanum. Hvernig á að sýna niðustöður?
6. Mæla notkun á heitu og köldu vatni.
7. Muna að slökkva ljós – setja upp miða.
8. Vikupóstur bekkjanna – Kynning á umhverfisstefnu skólans. Ein á hvorri önn.
9. Umhverfismennt – skólanámskrá.
10. Búa til umhverfistöflu til að hengja á tilkynningar og ýmsar upplýsingar
11. Skjávarpabíó. Pappír – framleiðsla, spara, og endurnýta og sjá mynd um náttúruvernd.
12. Nýtum matinn betur. Fáum okkur minna á diskinn og hendum ekki mat.



### 2. mál

#### Verkefni nefndarkrakka á næstunni.

Það þarf að skipta um laufblöð á umhverfissáttmálatrénu okkar og krakkarnir í nefndinni verða með í að taka nöfn fyrirverandi 10. bekkinga niður og setja nöfn 1. bekkinga upp. Einnig að hengja upp áminningarmiða á veggi til þess að minna nemendur og starfsfólk á að spara rafmagn, vatn og pappír. Setja upp ný markmið á markmiðsveggnum okkar niðri. Skrifa mánuðina á afmælistréð okkar.

### 3. mál

#### Önnur mál.

Ekki önnur mál.

Fleira ekki gjört

*Unnar Eiríksson fundarritari.*